

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr. 331

apríl 2022

## Rauða fjöðrin 2022



Apríl 2022. Blað nr. 331  
THE LION IN ICELANDIC  
Fjölumðæmi 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:  
FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionssskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir




Fjölumðæmisstjórn:



Porkell Cýrusson, fjölumðæmisstjóri. Porkell er félagi í Lionsklúbbum Víðari. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: kelicyr@gmail.com



Póra Bjarney Guðmundsdóttir, umdæmisstjóri 109 A. Póra Bjarney er félagi í Lionsklúbbnum Eir. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: torabg16@gmail.com



Anna Fr. Blöndal, umdæmisstjóri 109 B. Anna er félagi í Lionsklúbbnum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simnet.is

**FJÖLUMDÆMISRÁÐ**  
**FJÖLUMDÆMIS 109**  
**Starfsárið 2021 – 2022**

Fjölumðæmisstjóri: Porkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

Umdæmisstjóri 109A: Póra Bjarney Guðmundsdóttir, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Anna Blöndal Lkl. Ylfa

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur

Vara fjölumðæmisstjóri: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Umhverfisstjóri: Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Porkell Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

GMT/konur í Lions: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

GST stjóri: (verkefni) Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Lestraráttaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir, Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparstjóri: Hördur Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri (og verkefna): Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganefnd (form.): Gissur Júní Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Víðir Guðmundsson, Lkl. Garður

Varaumðæmisstjóri 109B: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Friðrik Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hængur

**Frankvæmdastjórn**

**Lionshreyfingarinnar 2021 – 2022:**

International President: Douglas X. Alexander, USA

Immediate Past President: Dr. Jung-Yul Choi, Suður Kórea

First Vice President: Brian E. Sheehan, USA

Second Vice President: Dr. Patti Hill, Canada

Third Vice President: Fabricio Oliveira, Brasilíu

**Second Year Directors:**

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Jespersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

Judge Christopher Shea Nickell, United States;

Sampath Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

**First Year Directors:**

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tjerina; deb Weaverling, United States;

John W. Youney, United States.

Netbláð

Umbrot: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Samsett mynd –

Porkell Cýrusson, fjölumðæmisstjóri



**Ritstjórnargrein**

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fimmta tölublað starfsársins komið út. Þetta blað er aðeins gefið út á neti og eintak sent í tölvupósti til allra félaga. Vorið er á næsta leiti og þar með styttist í þingið okkar í Hveragerði 6. – 7. maí sem auðvitað allir ætla að mæta á. Það hefur sjaldan verið mikilvægara að mæta til þings og móta starfið fyrir næsta vetur því starfsemi margra klúbba hefur verið í lágmarki undanfarin tvö árin vegna Covid en sem betur fer virðist sá vægestur vera á undanhaldi hér á landi sem annarsstaðar í heiminum. Hreyfingin þarf að endurheimta vopn sín aftur og fara á fulla ferð til að geta starfað undir merkjum sínum sem manniðar- og líknarsamtök. Látum „rauðu fjadrar söfnunina“ vera upphafspunktinn að enn betra starfi en verið hefur hingað til. Skoðum hvaða fjárflounarleiðir við erum með og virka þær áfram eða þurfum við

að finna nýjar. Eins þarf að huga að félagamálum innan klúbbanna. Er okkur að fækka of mikið þurfum við að finna nýja félaga? Allt eru þetta spurningar sem hver klúbbur þarf að leita svara við á sínum forsendum.

Bláðið að þessu sinni er hefðbundið með greinum frá klúbbum og embættismönnum.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

**Skilafrestur á efni í næsta blað er 19. maí**

# Umhirða okkar sameiginlega heimilis

## Pistill Alþjóðaforseta



**K**æru Lionsfélagar  
Ég hef alltaf haft þá trú að passa uppá þá hluti sem mér þykir vænt um. Þess vegna held ég heimili mínu snyrtilegu og vökva blómin. Ef eitthvað skemmist þá lagfæri ég það. Ég veit að ef ég geri ekki þessa hluti, þá verður hús mitt ekki sá staður sem ég kalla heimili. Herbergin væru í rusli ef ég held þeim ekki snyrtilegum, húsið færi í niðurníðslu ef ég hirti ekki um það, og blómin mundu deyja ef þau væru ekki vökvuð.

Mitt hús er í Brooklyn. Þitt gæti verið í Kentucky eða Mexico eða Indlandi. En það er sama hvar við búum, þá eigum við eitt sameiginlegt heimili—Jörðina. Hún full af allskonar margbreytileika og fegurð. Sem Lionsfélagar ber okkur skylda til að hugsa vel um umhverfið á sama hátt og við hugsum um annað mannfólk. Við getum ekki aðskilið velferð fólksins frá velferð plánetu okkar.

Dagur Jarðar er 22. apríl og mér finnst við ættum að spyrja okkur sjálf á hverjum degi, hvað við getum meira til að vernda og endurnýja náttúru jarðar. Hvort þú tekur þátt í hreinsunarátaki, tekur frá horn í garðinum undir plöntur, eða skoða hvort þú tekur nægilega þátt í endurnýtingu. Ég vona að þið finnið leið til að gefa eitthvað til baka til umhverfisins í þessum mánuði.

Það er sama hvar í heimi við búum, við eigum bara eitt sameiginlegt heimili og við skulum passa vel uppá það saman.

Ykkar til þjónustu.  
*Douglas X. Alexander alþjóðaforseti  
Lionshreyfingarinnar  
Þýðing: Geir Hauksson*



## Pistill umdæmisstjóra 109B

Anna Blöndal

Umdæmisstjóri 109 B



sóttkví. Samt sem áður þurfum við að líta innávið og ákveða hvert við viljum stefna með hreyfinguna á komandi árum. Rýna til gagns hvort breytingar þurfa að eiga sér stað og þá hverjar og hafa í huga að „Brekkur eru oftast lægri, upp að fara en til að sjá...“ Á brattann/H. Hafstein.

Markmið númer eitt þetta starfsár var að innra starf klúbbanna yrði að vera í brennidepli og í heimsóknum vítt og breitt um umdæmið hef ég haft á tilfinningunni að það hafi verið raunin þegar fundahöld hafa verið möguleg. Félagsstarf er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Ef klúbbar leitast við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers féлага farnast þeim vel. Öllum er mikilvægt að eiga áhugmál og samskipti við aðra utan vinnu og/eða heimilis og mín reynsla er sú að starf innan Lions sé góður vettvangur. Það skiptir því mestu máli að allir innan hreyfingarinnar séu á þeirri skoðun líka og til þess reynir á þá sem halda um taumana hverju sinni.

Stærsta sameiginlega verkefni okkar lionsfélaga með söfnun undir merki Rauðu fjaðrarinnar er lokið og vonandi náðum við markmiðunum sem við settum okkur fyrir söfnunina. Svo skemmtilega vildi til að í dag þegar þetta er skrifað birtist í minningabanka fésbókarinnar gömul færsla frá söfnun fyrir þremur árum. Það var einnig ánægjulegt að fá viðbrögð frá nokkrum klúbbum um að



söfnunin hafi verið einmitt það sem þurfti til að vekja upp Lionsandann hjá klúbbfélögum – að við hefðum þurft að gera þetta fyrir á árinu. Þegar við leggjum saman kraftana getum við lyft grettistaki. Krafa var send í heimabanka allra lionsfélaga og ég hvet þá sem ekki hafa enn keypt fjöður að greiða þá kröfu.

Nú fer að líða að umdæmisþingi og ég vonast til að sjá sem flest ykkar þar og minni á skólana fyrir viðtakandi stjórnir og embættismenn.

Sjáumst á þingi í Hveragerði

**K**æru Lionsfélagar  
Loksins loksins getum við hist og haldið fundi, skipulagt viðburði og haldið áfram eðlilegu Lions starfi. Margir klúbbar hafa haldið skemmtanir og fjáröflunarkvöld eða eru að skipuleggja viðburði eða vorfagnaði af ýmsu tagi þessar síðustu vikur starfsársins. Margir eru að taka inn nýja féлага og mér til mikillar ánægju hef ég fengið það skemmtilega verkefni að skrifa á fleiri og fleiri skírteini fyrir nýliðamöppur. Von mín er sú að brottfall féлага sé minna en ég óttaðist þegar veturinn einkenndist meira og minna af lokunum og

## Pistill umdæmisstjóra 109A

Póra Bjarney Guðmundsdóttir

Umdæmisstjóri 109 A



Kæru lionsfélagar  
Senn líður að starfslokum þessa starfsárs, þrátt fyrir að hafa þurft að taka smá pásur vegna covid19 hefur starfið gengið mjög vel, allir klúbbar hafa getað fundað eitthvað á árinu misjafnlega mikið en allir eitthvað, svæðisfundir hafa verið á öllum svæðum, sumum tvisvar og öðrum 3 svar og þykir mér það bara mjög gott miðað við allt og allt.

Það var sameiginlegur svæðisfundur svæði 7-8 og 9 í Lionssalnum laugardaginn 5. mars, það var ákveðið að sameina þessi þrjú svæði í tvö, sem sagt að það verði 8 klúbbar á svæði 7, og 8 klúbbar á svæði 8.

Svæði 9 verður því ekki til lengur.

Frá þessum 16 klúbbum var mæting frá 13 klúbbum sem er mjög góð mæting.

Það skiptir ekki svo miklu máli á hvaða svæði klúbburinn er en það skiptir máli hvernig svæðisfundirnir gangi og er vonin sú að þessi



breyting muni hjálpa þar. Ég læt nokkra myndir fylgja frá þessum frábæra svæðisfundum.

Ýmislegt er nú í gangi hjá okkur svona á endasprettinum, svo sem rauð fjöður sem við seldum frá 31. mars til 3. apríl og vona ég svo sannanlega að þetta skemmtilega verkefni okkar gangi vel og við munum ná þeim árangri sem við væntum.

Lions hreyfingin var 70 ára 14. ágúst 2021 en út af svolitlu gátum við ekki haldið uppá þennan áfanga svo að ákveðið er að biða betri tíma og teljum við að sá tími sé núna.

Þann 9. apríl vorum við með opið hús í Lionsheimilinu Hlíðasmára 14, frá kl 14 til kl 16 sem gekk afar vel og mæting með ágætum.

Pingið okkar verður í mannheimum 6.-7. maí og vona ég að þið séuð öll að skrá ykkur á það þar sem tvö síðustu þing voru á Zoom,

það verður bara gaman að koma saman og hitta félagana og eiga skemmtilegt þing það sem við munum kjósa embættismenn næsta árs ásamt því skemmtilega verkefni að kjósa alþjóðastjórnarmann sem við eigum rétt á að gera núna, þá skiptir miklu máli að klúbbar skoði atkvæðarétt sinn og mæti og nýti hann.

Kæru félagar ég hlakka mikið til að sjá ykkur við þessi tilefni sem ég nefni hér það verður gott að hittast þó að ég þakki mikið fyrir tæknina því að hún hefur gert það að verkum að við náum miklu betur til félagana okkar út um allt land.

Eins og ég segi „við göngum til góðs“

Póra Bjarney umdæmisstjóri 109 A.

## Minning + Gísli Þórir Victorsson



Gísli Þórir Victorsson fæddist í Reykjavík 11. október 1934. Hann lést 15. febrúar 2022 á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Patreksfirði.

Gísli var múrari að mennt og vann að því í marga áratugi og á margt minnismarkið um það vandaða starf. Hann var virkur á mörgum sviðum félagslífs og minnst fyrir mikinn áhuga á kóra- og tónlistarstarfi. Hann starfaði sem

söngvari í hljómsveitum og söng löngum í kórum og allt fram á síðustu árin sín.

Við félagir í Lionsklúbbi Patreksfjarðar kveðjum þennan féлага okkar sem unnið hefur með okkur í klúbbum í nær 20 ár. Gísli var virkur félagi og lagði hönd á plóg í starfinu.

Fjölskyldu Gísla eru sendar samúðarkveðjur við ævilok Gísla. Arngrímur V. Bldursson formaður Lionsklúbbs Dalvíkur

# Pistill fjöllumdæmisstjóra

Porkell Cýrusson

fjöllumdæmisstjóri MD109



Starfsárið fer að styttest í annan endann hjá okkur og er ekki hægt að segja annað en að þetta ár hafi verið annasamt í starfi fjöllumdæmisstjóra. Einn af stóru viðburðum hreyfingarinnar þetta starfsárið var fyrr í þessum mánuði, salan á rauðri fjöður. Það má með sanni segja að salan hafi gengið vel og nánast eftir áætlun. Þátttaka klúbbana í landinu var misgóð en það er eins og gengur. Við lögðum upp með það markmið að geta safnað fyrir 5 leiðsöguhundum sem hver kostar um 6 milljónir. Þegar

þetta er skrifað þá er staðan sú að þetta hefur tekist. Þess ber þó að geta að staðan gæti breyst en líklegra er að endanleg tala eigi eftir að hækka frekar en hitt. Endanlegt uppgjör og afhending á söfnunarfé verður á þinginu okkar í Hveragerði 7. maí.

Þessi vetur eins og síðasti vetur hefur verið mjög erfiður vegna samkomutakmarkanna sem nú eru úr sögunni sem betur fer. Vággesturinn sem hefur valdið þessu öllu saman er þó þarna úti og herjar enn á okkur svo það er ástæða til þess að fara varlega og sinna persónulegum sóttvörnum áfram. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum um þennan óboðna gest.

Umdæmisstjóraráð ákvað að aflýsa fyrirhuguðum fundum 23. apríl þar sem við teljum hann vera of nálægt þinginu og yrði þar að auki þriðja samkoman á vegum hreyfingarinnar á einum mánuði. Það er einfaldlega of mikið að húa saman fólki víðsvegar að af landinu svona oft á stuttum tíma að okkar mati. Mörg mikilvæg mál þarf þó að ræða og höfum við ákveðið að kalla saman GAT teymið okkar ásamt fleirum til að ræða félagamálin og móta framhaldið í þeim málum. Sá fundur verður boðaður fljótlega og hvet ég alla þá sem verða boðaðir til að mæta á hann.

Afmælishátíð Lions á Íslandi var haldin laugardaginn 9. apríl og tókst með miklum

ágætum. Mæting félaga var nokkuð góð á þennan viðburð. Nánar er fjallað um hann í blaðinu.

Því miður hefur þátttaka lionsfélaga verið frekar dræm er kemur að ýmsum viðburðum á vegum hreyfingarinnar. T.d. þurfti að fresta leiðtogaskólanum vegna lélegrar þátttöku og ýmsum öðrum námskeiðum á vegum hreyfingarinnar. Það er von mín og ósk að sem flestir félagar skrái sig á þingið í vor og mæti þar í skólanna sem verða í boði líkt og áður og svo þing umdæmanna og fjöllumdæmisins.

Tveir öflugir lionsmenn eru í framboði til alþjóðastjórnarmanns á A-þinginu í Hveragerði, Halldór Kristjánsson Lkl. Ásbirni og Kristinn Hannesson Lkl. Víðarri. Aðeins annar þeirra mun hljóta kosningu þar sem við fáum aðeins einn alþjóðastjórnarmann. Ég hvet þá klúbba sem ætla mæta til þings að tryggja kosningrétt sinn og senda fulltrúa til þingsins. Það er von mín og trú að kosningabaráttan verði heiðarleg og okkur öllum til sóma.

Að lokum minni ég á Lionsþingið sem verður haldi í Hveragerði 6.-7. maí næst komandi og hvet ég alla til að koma þangað og verðandi embættismenn að sækja skólana sem eru þar í boði.

# Gunnar Már Hauksson félagi í Lionshreyfingunni í 50 ár



Gunnar Már Hauksson hefur náð þeim gmerka áfanga, að hafa verið félagi í Lionsklúbbnum Þór í 50 ár. Gunnar gekk í klúbbinn árið 1969, og hefur verið félagi óslitið síðan. Gunnar Már hefur gengt flestum embættum í klúbbnum, og þar af verið formaður þrisvar sinnum. Gunnar hlaut æðstu viður-

kenningu Lionshreyfingarinnar þegar hann var gerður að Melvin Jones féлага. Gunnar er mikill félagsmálamaður, verið virkur í öllu starfi klúbbsins frá inngöngu, enda hefur hann gegnt má segja öllum trúnaðarstörfum á sínum langa tíma í klúbbnum. Það er margt sem stendur upp úr í klúbbsstarfinu í 50 ár, í klúbb sem var með yfir 50 félagar á fyrstu árum Gunnars í það að vera 11 félagar í dag. Þar er helst að nefna stóru fjáröflunarverkefni sem klúbburinn stóð að, og líknarverkefni. Eitt stærsta fjáröflunarverkefni sem klúbburinn hefur staðið fyrir var alþjóðalega sjónverndarverkefnið Sight first á árunum 1993-1994. Þar var Gunnar Már við stjórn og var aðal driffjöðrin í söfnuninni. Lionsklúbburinn lét hana sérstakt sjónverndarmerki, sem félagar ásamt skólabörnum á fermingaraldri úr Austurbæjarskólanum seldu. Ágóðinn af sölnunni var mjög góður af þessu stærsta verkefni klúbbsins, og má segja að kraftar og útsjónarsemi Gunnars hafi notið sín vel. Margs er að minnast úr líknarstarfinu, þar sem Gunnar lagði fram mikla vinnu. Má þar nefna uppbygging Tjaldanesheimilisins og

ýmiss aðstoð við Krísuvíkursamtökin, LSH, Gigtarfélagið og Daðahús. Við félagar í Lionsklúbbnum Þór viljum þakka Gunnari fyrir afskaplega lærdómsríkt og skemmtilegt samstarf, þar sem hann hefur ávalt verið ákveðinn, framsýnn og haft góða stjórnun á verkefnum, sem hefur eflt okkur og gefið mikla ánægju og kraft í starfinu.

Þinn ferill er farsæll og góður, Farvegur líknar í fimmtíu ár. Hugsun til góðs er gæfusjóður, Þú ert gefandi Gunnar Már.

Þórir Magnússon  
Ritari.




# Fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður, Aruna Oswal

Eftir: Elizabeth Edwards



Frá vinstri, Haynes Townsend, formaður LCIF og fyrirverandi alþjóðastjórnarseti Dr. Jung-Yul Choi, fyrirverandi alþjóðastjórnarseti Dr. Guðrún Yngvadóttir, fyrirverandi alþjóðastjórnarseti Bob Corlew, fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður Aruna Oswal, dóttir hennar Shallu og tengdasonur Naveen Jindal og fyrirverandi alþjóðastjórnarseti Dr. Naresh Aggarwal.



Aruna Oswal og eiginmaður hennar Shri Abhey Oswal

Fyrir meira en 30 árum gekk Aruna Oswal til liðs við Lkl. Juhu í Mumbai Indlandi. Hún hefur alla tíð verið mikil baráttu kona á sviði mannúðarmála og óhætt að segja að hún þjóni með hjartanu. Í Lions sá hún tækifæri til að gera enn betur og ekki síður til að hvetja aðra til hins sama.

Það má segja að snemma á sínum Lions ferli hafi Oswal festi sig í sessi sem brautryðjandi með því að verða fyrsta konan til að verða formaður í Lkl. Juhu og síðar fyrsta konan til að verða umdæmisstjóri á Indlandi. Fyrir LCIF leiddi hún alþjóðlega fjáröflunarátakið Campaign SightFirst II á Indlandi og eftir það áfram sem LCIF stjóri á Indlandi í nokkur ár. Hún hefur verið alþjóðastjórnarmaður og situr nú í stjórn LCIF.

Mjög ofarlega á lista Oswal eru fjölskyldumál, krabbamein barna, Special Olympic og aukin áhrif kvenna.

Ásamt eiginmanni sínum sem nú er látinn stofnaði hún Aruna Abhey Oswal styrktarsjóðinn. Meðal verkefna sem sá sjóður hefur unnið í samstarfi við LCIF eru bygging læknameiðstöðvar í Paragvæ fyrir börn með krabbamein, leikherbergi í Malaví á deild fyrir börn með krabbamein og augnlæknadeild á Indlandi, svo fátt eitt sé nefnt.

Í tilefni af alþjóðlegum degi kvenna í síðasta mánuði og því að senn er komið að lokum Campaign 100 átaksins tók LCIF stutt viðtal við Oswal.

*Spurning: Hvers vegna ákvaðst þú að gerast Lionsfélagi?*

Við hjónin vildum bara láta gott af okkur leiða og sáum tækifæri til að gera það í mun meira mæli. Maðurinn minn átti mjög stóran þátt í því að hvetja mig áfram. Í gegnum Lions og ekki síst LCIF sáum við tækifæri til að hafa áhrif á líf muna fleira fólks.

*Spurning: Hvers vegna er Campaign 100 fjáröflunarátakið svona mikilvægt fyrir LCIF og af hverju finnst þér mikilvægt að hvetja Lionsfélaga þátttöku, jafnvel þó framlögin séu ekki há.*

Campaign 100 mun gefa LCIF tækifæri til að sinna sínum bráðnaðsynlegu verkefnum enn betur en hingað til og þörfin er ekkert að minnka. Það er nauðsynleg tað Lionsfélagar taki þátt í þessari fjáröflun ef árangurinn á að verða góður. Lionsfélagar ættu að sína gott fordæmi og leggja eitthvað af mörkum úr eigin vasa. Munum að það þurfa ekki alltaf að vera stórar upphæðir því margt smátt gerir eitt stórt.

*Spurning: Sem brautryðjandi, hvers vegna finnst þér mikilvægt hvetja konur til þátttöku í Lions.*

Ég segi konum að að við höfum frábæra fyrirmynd þegar við horfum til fyrirverandi alþjóðastjórnarseta Dr. Guðrúnar Yngvadóttur og til vara forseta Dr. Patti Hill. Þær sýna að núna er tíminn fyrir konur í Lions. Ég reyni mitt best til að fullvissa konur um að þær geti gert kraftaverk, gert eitthvað örðu vísi. Ef kona er hvetjandi, þjónustumiðuð, jákvæð og félagslynd, bjóðið henni þá í Lions. Lions þarf á hæfileikaríkum konum að halda. Þær geta svo sannarlega haft áhrif.

*Spurning: Hvaða verkefni mundir þú vera stoltust af á þeim 30 árum sem þú hefur verið í Lions.*

Það er úr vöndu að ráða því öll verkefni Lions standa nær hjarta mínu. Ég gæti nefnt allt sem viðkemur börnum, fjölskyldum, Special Olympic og svo þau verkefni sem efla þátttöku kvenna.

*Spurning: Á vefsíðu styrktarsjóðsins þíns segirðu: „Sannri hamingju getur þú náð með því að veita öðrum hamingju.“ Hvers vegna er er þessi tilvitnun mikilvæg fyrir þig?*

**fasteignaverðmat.is**

Mér verður oft hugsað til móður Teresu sem sagði, „heimurinn er fullur af góðu fólki. Ef þú finnur ekki neinn, vertu það þá sjálf.“ Við sem einstaklingar getum verið þessi góði. Við getum fært þeim sem minna mega sín gleði. Ef þú hjálpar einni manneskju á dag hefur þú hjálpar 365 manneskjum á ári. Ef þú gefur svöngum einstaklingi mat, geturðu fundið hvernig honum líður og séð gleðitárin renna niður kinnarnar.

Eiginmaðurinn minn heitinn sagði, „Ef þú gerir eitthvað gott fyrir mannkynið mun allur heimurinn bera virðingu fyrir þér. Þetta er mitt lífsmottó. Ef mér tekst það þá dey ég með smá

virðinu.“ Ég varðveiti þessi hinstu orð hans í hjarta mínu. Ég vil yfirgefa þessa jörð með þá vitneskju að ég hafi skipt máli.

Í dag kalla Lionsfélagar á Indlandi mig Didi sem þýðir eldri systir. Þeir heiðra mig eins og sína eldri systur og ég vona að með starfi mínu standi ég undir þeim heiðri. Ég er þakklát Lionsfélögum um allan heim. Þeir hafa gefið mér tækifæri til að láta draum minn rætast. Ekki bara draum minn heldur draum allra Lionsfélaga.

Í huga Oswal er þjónusta okkar Lionsfélaga og stuðningur við LCIF eins og sagan endaláusa. Það verður alltaf þörf fyrir okkur.

„Það er ekki nauðsynlegt að fara til himna þegar við kveðjum þennan heim,“ segir hún. „Það er hins vegar nauðsynlegt að gera allt sem við getum til að skapa himnaríki á jörðu áður en við kveðjum.“

Látum ekki okkar eftir liggja. Veitum sjóðnum okkar þann stuðning sem hann þarf.

[www.lionsclubs.org/en/donate](http://www.lionsclubs.org/en/donate)

Þýðing: Kristinn Hannesson

## Sykursýki á tímum COVID

Alkunn er að sykursýki er eitt af helstu heilbrigðisvandamálum hér á landi. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að algengi er enn að aukast og að um 9% þjóðarinnar berst við þetta vandamál. Sykursýki er eitt af helstu áherslumálum Lions International en hefðbundið fræðslu og greiningarstarf einstakra klúbba hér á landi hefur verið í nokkru uppnámi undanfarin misseri vegna COVID og tengdra samkomutakmarkana. Sem dæmi var ekki hægt að standa fyrir hefðbundinni vitundarvakningu með blóðsykurmælingum í haust sem leið. Sama hefur gilt um aðrar mikilvægar forvarnir eins og að hvetja til myndunar gönguhópa undir kjörorðinu „Örkum“ – þetta ásamt mörgu öðru hefur því miður legið í láginni.

COVID er líklega í hámarki (eða jafnvel og vonandi á niðurlæið) um þessar mundir. Þar sem létt hefur verið á samgöngutakmörkunum

er rétt að dusta rykið aftur af verkefnum tengdum sykursýki. Stuðla þannig að vitundarvakningu með fræðslufundum, gönguhópum eða hverju öðru sem klúbbarnir geta látið sér detta í hug – verið ófeimin að nálgast heilbrigðisstarfsfólk á hverjum stað og bjóða fram krafta ykkar við skipulagningu eða fjármögnun viðburða – allt skiptir máli.

Og það er mikilvægt að byrja að hugsa um þetta aftur. Því það er mögulegt að þörfin fyrir aðstoð verði enn meiri í kjölfar COVID tímans. Vírusinn virðist þannig ekki bara gera þegar greindum einstaklingum með sykursýki óvenju erfitt fyrir í COVID veikindunum sjálfum. Heldur eru því miður teikn á lofti um það að vírusinn gæti átt þátt í auknum fjölda nýgreininga en um þetta vitna erlendar rannsóknir. Þetta virðist eiga við um bæði tegund 1 og tegund 2.

Að lokum langar mig að minnast á tvenn mikilvæg tímamót. Hin fyrri eru að núna eru 100 ár frá því insúlín var fyrst einangrað og notað sem lyf í mönnum – það reyndist sannarlega vera lífsbjörg fyrir þá sem greinast með sykursýki af tegund 1. Hin seinni eru að Samtök sykursjúkra ([www.diabetes.is](http://www.diabetes.is)) á Íslandi eru 50 ára um þessar mundir. Afmælisfagnaðurinn varð að vikja fyrir COVID síðastliðið haust en var haldinn sunnudaginn 27. mars kl 16-18 á Grand Hótel í Reykjavík.

Rafn Benediktsson



## Minning + Hjörleifur Ómar Guðmundsson



Hjörleifur Ómar Guðmundsson fæddist á Patreksfirði 10. mars 1948. Hann lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða Patreksfirði 23. febrúar 2022.

Við félagar í Lionsklúbbi Patreksfjarðar kveðjum þennan féлага okkar sem hefur unnið með okkur í 14 ár og hefur verið ótull félagi og gefið af sér margvíslegt í

starfinu. Hann var hjálparhella okkar í mörg ár áður en hann gekk í klúbbinn.

Hjörleifur starfaði á mörgum sviði félagslífs á staðnum og var ávallt lípur og ötull í því sem hann tók sér fyrir hendur. Hann stundaði sjómennsku, fiskverkun og útgerð og lykilmáður í verkalyðsmálum. Þá sinnti hann sveitarstjórnarmálum og rak svo fiskmarkaðinn á Patreksfirði í áratugi. Fjölskyldu Hjörleifs eru sendar samúðarkveðjur.

## Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



**H**arpa er fyrsti sumarmánuður og markar því upphaf sumars. Vonandi fáum við gott sumar eftir heldur leiðinlegan og snjóasaman vetur. Klúbbstarfið hefur gengið með ágætum frá því í byrjun febrúar. Í janúar féllu niður tveir fundir vegna Covid-faraldursins. Á fyrsta fundi í febrúar fengum við góðan gest, Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur, umdæmisstjóra 109A. Þóra kom inná ýmis Lions mál í ræðu sinni, þar á meðal fjölgunarmál í klúbbum, sölu á rauðri fjöður, NSR þing, svæðisfundi og umdæmisfundi. Þóra afhenti síðan nokkrum klúbbfélögum merki fyrir viðveru í LkH, afhenti síðan Geir formanni fána sinn. Nokkuð er umliðið síðan fjölgað hefur í klúbbnum okkar. Á þessum fyrsta fundi var tekinn inn nýr félagi, Stefán Viktor Guðmundsson, meðmælenda hans er Björgúlfur Þorsteinsson. Umdæmisstjóri tók þátt í inntöku Stefáns Viktors ásamt Geir formanni og Björgúlfi. Einn af okkar traustustu félögum Sigurjón Ingvarsson varð níræður 10. febrúar, klúbbfélagar tóku sig til og hringdu heim til hans, þar sem hann var ekki á fundinum og sungu fyrir hann afmællissönginn. Fjáröflunardagar voru hjá okkur 24. og 25. mars, þá seldum við Gaflaramerki okkar sem að þessu sinni er með mynd af verkakonu, við fengum að selja merkið í verslunum Fjarðarkaupum og í Bónus, salan var með ágætum enda dugmiklir sölumenn á ferð. Merkið er hægt að panta hjá Guðjóni í síma 866 4746, sem kostar kr. 2000- Næstu tíu árin verða merkin með svipuðu sniði og verða öll með Lions merkinu á og verða því gott söfnunar og skiptimerki fyrir erlenda sem innlenda safnara. Tveimur félögum okkar var veitt Kjaransorða, Gunnar H. Stefánsson er varð áttæður í febrúar 2020 og Gunnari Randrup er varð áttæður í nóvember á síðasta ári. Fyrsti fundur í mars var mjög áhugaverður er klúbbfélagar hittust í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju og skoðuðu sýningu sem þar er um togarann Sviða GK sem fórst með allri áhöfn út af Öndverðarnesi á Snæfellsnesi 2. desember 1941. Finna mátti á sýningunni ýmsan fróðleik um skipið og skipverjana sem margir voru fjölskyldumenn og bjuggu í Hafnarfirði. Egill Þórðarson loftskýtamaður veitti okkur leiðsögn um sýninguna. Eftir sýningu héldum við



Stjórn klúbbsins ásamt Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur á fundi 10. febr.



Stefán Viktor Guðmundsson nýr félagi tekinn í klúbbinn, Geir Hauksson formaður, Björgúlfur Þorsteinsson mælendi hans og Þóra Bjarney



Þóra Bjarney og Geir formaður skiptast á fánum



Halldór Soavarsson og Magnús Ingaldsson fengu viðurkenningu fyrir margra ára viðveru í klúbbnum



Gunnar Stefánsson og Gunnar Randrup fengu Kjaransorðu í tilefni áttatíu ára afmælis þeirra. Úlfur Atlason varaformaður stýrði fundi í fjarveru formans, 24. febr.



Klúbbfélagar á fundi



hefðbundinn fund í Kænunni þar sem Geir formaður sámdí Gunnar H. Stefánsson Progressive Melvin Jones demantsorðu sem er í raun árétting klúbbsins um góð störf félagsins. Framundan er að veita styrki til hinna ýmissa félagasamtaka, þar á meðal Hrafnistu í Hafnarfirði. Við enduðum svo marsmánuð með því að bjóða eldri borgurum í Hafnarfirði til kaffisamsætis í Hraunseli, sem var vel sótt af 130 eldri borgurum, sem skemmtu sér hið besta við söng og dans. LkH sendir sínar bestu óskir til Lions fólks og óskir um Gleðilegt sumar.

Friðgeir H. Guðmundsson  
Blaðafulltrúi LkH.





# Góugleðin 2022

Þann 8. mars 2022, á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, stóð GMT félagateymið fyrir Góugleði á Zoom. Félagar voru hvattir til að hópa sig saman í „búbblur“ og njóta félagsskaparins fyrir framan skjáinn. Nokkrir klúbbar sem héldu fundi þetta kvöld voru með Góugleðina á skjánum og höfðu gaman af.

80 félagar og gestir voru skráðir til leiks í happdrættinu en mun fleiri tóku þátt í gleðinni.

Boð var sent á alla Lionsfélaga og okkur til mikillar ánægju voru þó nokkrir karlmenn sem skráðu sig og tóku þátt.

Dagskráin var metnaðarfull að venju. Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrrverandi alþjóðaforseti Lions, hélt ávarp og einnig umdæmisstjórnarnir okkar, þær Anna Blöndal og Þóra Bjarney Guðmundsdóttir.

Hekla Guðmundsdóttir fræddi okkur um bandvefslosun en hún er stofnandi Body Reroll æfingakerfisins. Hún bauð Lionsfélögum upp á ókeypis kynningartíma í bandvefslosun en því miður féll sá tími niður vegna veikinda. Hekla er tilbúin að taka á móti klúbbum í kynningartíma og hvetjum við ykkur til að nýta ykkur það, netfangið er hekla@bandvefslosun.is

Aðalræðumaður kvöldsins var Edda Björgvinsdóttir, fyrirlesari og leikari með meiru. Hún talaði um húnur og gleði í leik og starfi. Þetta var mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi eins og henni einni er lagið.

Á milli erinda voru stutt skemmtiatriði að hætti Úu-félaga, annars vegar „Kúst og Lions“ og hins vegar „Umvafðar englum“.

Þá var komið að happdrættinu og að venju voru margir veglegir vinningar sem Lionsklúbbar og félagar höfðu fengið hjá fyrirtækjum eða gefið persónulega.

Við þökkum þeim og öllum sem gáfu vinninga kærlega fyrir.

Einnig viljum við þakka tæknistjóranum okkar, Jóni Pálmasyni, Lionsklúbbnum Víðarri, kærlega fyrir hans hjálp.

Sigríð, Geirþrúður og Sigríður

**Hvatning**



**Guðrún Björt Yngvadóttir**  
Alþjóðaforseti Lions 2018-2019  
Fráfarandi formaður LCIF



**Umdæmisstjóri 109B**



**Anna Fr. Blöndal**



**Umdæmisstjóri 109A**



**Þóra Bjarney Guðmundsdóttir**




**Bandvefslosun**




**Hekla Guðmundsdóttir**  
Stofnandi Body Reroll  
æfingakerfisins



**Fyrirlesari**




**Edda Björgvinsdóttir**  
leikari og fyrirlesari með meiru



**Vinningur**

Uppskriftabókin „Lopi 42“ og topateppi frá Ístex

Í tilefni af 30 ára afmæli Ístex hf var gefin út uppskriftabók í minningu Guðbjóns Kristinssonar framkvæmdastjóra Ístex



Vinning úttegabi:  
Dagný Finnsdóttir  
Lionsklúbbnum Úu, Mosfellsbæ



**Vinningur**

Gjafabréf í Eyjafjarðarsveit veitir handhafa möguleika á að velja úr fjölbreyttu úrvali af vörum og þjónustu frá frábærum aðilum í Eyjafjarðarsveit. Gjafabréfið gildir þar til það hefur verið notað og mun því ekki renna út

Upphæð kr.10.000,-



Vinning úttegabi:  
Lionsklúbburinn Síð, deild Vitaðsgjafa í Eyjafjarðarsveit.



**Vinningur**

2 aðgöngumíðar og bolur merktar safninu

Rokksafn Íslands er safn um sígu popp- og rokkónlistar á Íslandi og er staðsett í Hjómahöllinni í Reykjaneshæ. Safnið er opið alla daga vikunnar kl. 11:00 – 18:00



Vinning úttegabi:  
Lionsklúbburinn Æsa, Njaróvík



**Vinningur**

**Moroccan ilmkertri**



Gefandi er:  
Lionsklúbburinn Yifa, Akureyri



**Vinningur**

**6 manna matarstell frá Fastus**



Gefandi er:  
Sólveig Guðrún Garðarsdóttir  
Lionsklúbbnum Úu, Mosfellsbæ



**Vinningur**

**Handgerðar bátsápur og strigaþvottapoki frá Meraki**



Gefandi er:  
Lionsklúbburinn Yifa, Akureyri



**Vinningur**

**Súkkulaði frá Frida Chocolate á Siglufirði**



Gefandi er:  
Lionsklúbburinn Yifa, Akureyri



Vinningur

Kerti, serviettur, ilmvas og reyksli

Gefandi er:  
Blómamiðjan ehf Grimsbæ  
sem hefur verið í eigu hjónanna  
Helgu Kristjánsdóttur og Leifs  
Guðjónssonar frá því 1. júlí 2015.

Helga er ein af stofnendum  
Lionsklúbbsins Úu, Mosfellsbæ




Vinningur

Saltkar, saltskeið og franskt  
eðalsalt frá Sætum syndum

Gefandi er:  
Lionsklúbburinn Vifa, Akureyri






Vinningur

Aðgöngumíð fyrir fjölskyldu

Sögusetrið á Sauðárkróki  
„1238 The battle of Iceland“  
Sturlungaöld í sýndarveruleika

Upplifðu  
sturlungaöld í  
sýndarveruleika

Vinning úrvegaði:  
Lionsklúbburinn Björk,  
Sauðárkróki

Vinningur

Kerti og serviettur

Gefandi er:  
Halldóra Halldórsdóttir  
Lionsklúbbum Úu, Mosfellsbæ




Vinningur

Einkatími og boltar.

Gefandi er:  
Hekla Guðmundsdóttir  
Bandvæflosun ehf.  
Body Reroll




Vinningur

Gjafabréf í netverslunina Nakano.is  
að upphæð Kr.15.000,-

Nakano er íslensk gjafavörurverlan á  
netinu sem leggur áherslu á að kynna  
upprettandi hönnuði frá Japan og  
Kóreu

Vinning úrvegaði:  
Hallður Kristjánsson




Vinningur

Gisting í Reykjadal Guesthouse  
í Hveragerði, fyrir 2 í eina nótt.  
Herbergjið er með king size  
rúmi og sérbaðherbergi.

Gefandi er:  
Reykjadalur Guesthouse  
Þorbjörg Friðriksdóttir  
Lionsklúbbum Úu,  
Mosfellsbæ





## Minning † Hermann Árnason F. 4. september 1942 – D. 17. janúar 2022



Hermann var einn af 23 stofn-  
félögum Lionsklúbbsins Hængs á  
Akureyri en klúbburinn var stofnaður  
6. mars 1973.

Hann var þriðji formaður  
klúbbsins starfsárið 1975 – 1976.

Hermann var leiðtogi í klúbbum  
og virkur í öllum nefndum klúbbsins  
og hann var fyrstur Hængsfélaga til  
að verða svæðisstjóri á okkar svæði  
starfsárið 1976 – 1977.

Hermann var ritari umdæmis  
109B starfsárið 1978 til 1979 og á  
Lionsþinginu 1978 lagði hann fram

handbók fyrir svæðisstjóra sem hann hafði þýtt og samið. Fékk  
Hermann mikið lof þingfulltrúa fyrir framtakið en handbókin var  
gefin út árlega eftir þetta í mörg ár lítið breytt. Ekki lét hann hér

staðar numið því á Lionsþinginu á Akureyri 1979 var lögð fram  
handbók fyrir klúbbstjórnir en við þýðingu alþjóðalaga og samningu  
handbókarinnar naut hann aðstoðar Sigurðar H. Sigurðssonar  
Lionsklúbbsi Akureyrar og Þorvaldar Þorsteinssonar Lionsklúbbum  
Ægi.

Starfsárið 1988 til 1989 var Hermann umdæmisstjóri 109B og  
var þar með fyrstur Hængsfélaga til að gegna því embætti.

Árið 1990 var Hermann gerður að Melvoin Jones félagi fyrstur  
Hængsmanna. Hann var gerður að ævifélaga Lionsklúbbsins Hængs  
árið 2002.

Hermann beitti sér fyrir því að öll lög alþjóða Lionsshreyfingarinnar  
væru þýdd á íslensku.

Hængsfélagar minnst Hermanns sem mikils Lionsmanns og  
þökkum hans mikla framlag til klúbbsins og Lionsshreyfingarinnar í  
landinu.

F. h. félagi í Lionsklúbbum Hæng, Árni V. Friðriksson.

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.  
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.  
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

## Gátlisti ritara 2021-2022

Nú fer að líða að lokum þessa starfsárs. Að því tilefni viljum við minna ritara á að skila ársskýrslu (sjá sýnishorn) sem þarf að gerast fyrir 15. maí nk.

Eins viljum við minna á gátlistann, munum öll að við þurfum að skila mánaðarskýrslu fyrir apríl, maí og júní.

Með kveðju

GMT teymið

Mánuður	Nokkur verkefni	χ
Apríl 2022	✓ Senda Lionsskrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ Senda skýrslu til svæðisstjóra um starf klúbbsins	
	✓ Bjóða klúbbfélögum inn á síðuna "LIONS MÁL"	
	✓ <b>9. apríl 70 ára afmælishátíð Lions í Lionsheimilinu Hlíðasmára 14</b>	
	✓ <b>28.04 - Skrá mánaðarskýrslu í MyLCI og verkefnask. í MyLion</b>	
Maí 2022	✓ Senda Lionsskrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ Skrá upplýsingar um feril klúbbfélaga í starfsskýrslu viðkomandi	
	✓ <b>Umdæmis- og fjölumdæmisþing 6 – 7 maí í Hveragerði</b>	
	✓ <b>Skila innlendra ársskýrslu fyrir 15.maí til Lionsskrifstofunnar (Ein A4 síða á rafrænu formi).</b>	
	✓ <b>28.05 - Skrá mánaðarskýrslu í MyLCI og virkniskýrslu í MyLion</b>	
Júní 2022	✓ Senda Lionsskrifstofunni upplýsingar um breytingar í félagatali	
	✓ Undirbúa gögn fyrir viðtakandi ritara.	
	✓ <b>28.06 - Skrá mánaðarskýrslu í MyLCI og virkniskýrslu. í MyLion</b>	

### Lionsklúbburinn Bjarmi

Númer klúbbs: 21320  
Stofndagur: 02.05.1973  
Fjöldi stofnfélaga: 21  
Stofnskrárhátíð: 05.05.1973  
Fundartími: 2 fimmtudag í mánuði kl. 19:00  
Fundarstaður: Félagsheimilið Hvammstanga neðri hæð.

#### Stjórn starfsársins 2020 – 2021:

Formaður: Pétur Danielsson  
Ritari: Arnar Hrólfsson  
Gjaldkeri: Guðjón Valgeir Guðjónsson

#### Fjáraflanir:

Sala á páskaliljum, páskana 2021 sem gekk vonum framan.

#### Verkefni:

Við styrktum LCIF og velferðarsjóð Húnaþing-vestra  
Litabækur afhentar Grunnskólanum um brunavarnir.

#### Félagstarf:

Fundahald hefur legið niðri síðan í febrúar 2020.

Héldum lokafund á veitingastaðnum Sjávarborg 10. júní 2021 þar sem kosin var stjórn næsta starfsárs. Og áttum góða kvöldstund með góðum félögum þar sem vel var mætt, að auki hittum við Lions hjón frá Þýskalandi og áttum gott spjall og afhentum þeim fána klúbbsins.

Félagafjöldi hefur staðið í stað og erum við 14 og hlökkum til næsta starfsárs og erum bjartsýnir á félagfjölgun.

#### Stjórn næsta starfsárs:

Formaður: Pétur Danielsson  
Ritari: Arnar Hrólfsson  
Gjaldkeri: Guðjón Valgeir Guðjónsson


Fyrir hönd Lionsklúbbum Bjarma Hvammstanga

Arnar Hrólfsson ritari.

**SÝNISHORN**



# Apríl – myndasíða









# Virkniskýrsla – salan á „Rauðri fjöður“

## - leiðbeiningar

Hér koma leiðbeiningar um það hvornig við skráum Rauðu fjaðrar söluna hjá klúbbum okkar. Athugið að vera komin með allar upplýsingar í hendurnar varðandi upphæð, fjölda þeirra sem seldu og fjölda klst. Eins er gott að hafa myndir af klúbbsölunni við hendina til að setja inn í myndagluggann. Þið getið náð í Rauðu fjaðrar myndina á [www.lions.is](http://www.lions.is) skráið ykkur inn á innrивefinn - ýmis form og logo – logo - logo Lions almenn og á íslensku.



# Fréttir frá Lionsklúbbi Skagafjarðar



Talið frá vinstri: Bjarni Maronsson, meðmælandi nýliðanna. Ásbjörn Óttarsson, Magnús Pétursson, Friðbjörn Ásbjörnsson og Stefán Sigurðsson, formaður.

Þótt hin alþjóðlega veirupest hafi til þessa ekki sótt alvarlega að klúbbfélögum, hafa sóttvarnir lagt nokkrar hömlur á starfsemi klúbbsins. Þeir, sem hafa farið í veirupróf hafa allir reynst neikvæðir en eru þó með jákvæðustu mönnum sem um getur, bæði heima og að heiman.

Um árabíl hafa félagarnir stundað landgræðslustörf á Goðdalafjalli. Þangað eru fluttar um 100 heyrúllur á hverju sumri og þeim dreift á örfoka mela og rofabörð. Sl. sumar var landgræðsluferðin farin mánudaginn 9. ágúst. Flestir klúbbfélagar mættu á fjallið með heykvíslar sínar, traktora og heyflutningsvagna í blíðskaparveðri. Yfirleitt þekkist ekki annað en veðurbliða í Skagafirði, enda íbúarnir í náðinni hjá almættinu. Áætlað er að halda uppgræðslustörfum áfram næstu ár, enda hafa þau borið mikinn og vaxandi árangur.

Það sem af er starfsárinu hefur fundarsókn verið mjög góð og fundirnir líflegir. Mjög ánægjulegur fundur var haldinn í safnaðarheimili Miklabæjarkirkju miðvikudaginn 2. febrúar sl. Eftir hefðbundin fundarstörf færðu klúbbfélagarnir sig úr safnaðarheimilinu inn í kirkjuna þar sem teknir voru inn nýir félagar, þeir Friðbjörn Ásbjörnsson, Sauðárkróki og Magnús Pétursson, Lauftúni. Þriðji nýi félaginn í Lionsklúbbi Skagafjarðar er Ásbjörn Óttarsson, Sauðárkróki. Hann hefur um árabíl verið félagi í Lionsklúbbi Nesþinga en býr nú og starfar í Skagafirði. Stundin í Miklabæjarkirkju var notaleg og kirkjan gaf inngöngu nýliðanna hátíðlegt yfirbragð. Fyrir klúbbinn er ómetanlegt að fá þessa öflugu liðsmenn til starfa. Fleiri hafa sýnt áhuga á því að kynna sér starfsemi klúbbsins og þann félagsanda sem þar ríkir.



F.v. Ásbjörn Óttarsson, Magnús Pétursson og Friðbjörn Ásbjörnsson. Í bakgrunni er altariastafla Miklabæjarkirkju, hönnuð og unnin af konum í Miklabæjarsókn.

Stjórn klúbbsins skipa þetta starfsár þeir Stefán Sigurðsson, formaður, Reynir Pálsson, ritari og Steinn Rögnvaldsson, gjaldkeri.

Reynir Pálsson, ritari.

## Minning † Friðbjófur Þórarinsson f. 07.03.1932 - d. 28.02.2022



### Kveðja frá Lionsklúbbi Dalvíkur

Friðbjófur Þórarinsson var fæddur á Karlsá á Upsaströnd 7. mars 1932, sonur hjónanna Þórarins Þorsteinssonar bónda og bifreiðastjóra og Guðrúnar Björnsdóttur húsfreyju.

Friðbjófur bjó alla sína tíð á Dalvík, þar sem hann vann ýmis störf, aðallega verslunarstörf. Hann var meðal annars deildarstjóri

byggingavörudeildar og síðar fódurvörudeildar Kaupfélags Eyfirðinga á Dalvík

Friðbjófur gekk í Lionsklúbb Dalvíkur 1971 þegar klúbburinn var tæplega 10 ára og var félagi þar til æviloka, eða í rúmlega hálfu öld. Í Lionsklúbbi Dalvíkur gengdi hann flestum þeim trúnaðarsörfum sem til falla í slíkum félagsskap, þar á meðal stjórnarformennsku oftan en einu sinni. Þá gengdi hann einnig öðrum stjórnarstörfum. Alltaf þótti gott að fela Friðbjófi ábyrgðar- og trúnaðarstörf innan klúbbsins og fyrir klúbbinn út á við.

Við félagar í Lionsklúbbi Dalvíkur þökkum Friðbjófi samstarfið og hin góðu kynni undangengna áratugi. Aðstandendum hans sendum við innilegar samúðarkveðjur.

Arngrímur V. Bldursson formaður Lionsklúbbs Dalvíkur



# Grunnskólabörn í Vestmannaeyjum seldu Rauðu fjöðrina í Eyjum !



**Rauða fjöðrin**  
landssöfnun  
**kr. 3.000 pr. stk.**

**kt. 420491 2129**  
**reikn. 582-26- 3095**



Nemendur í 7. Bekk Grunnskóla Vestmannaeyja tóku að sér verkefnið að ganga í hús og selja **Rauðu fjöðrina** fyrir Lionsklúbb Vestmannaeyja. Lionsmaðurinn Bergvin Oddsson var í forsvari fyrir söfnuninni í Eyjum og var í samstarfi við Kolbrúnu Sól Ingólfssdóttir verkefnafulltrúa hjá Grunnskólanum. Bænum skiptu þau upp í 15 sölusvæði og voru tvö sölubörn með minni svæðin og þrjú til fjögur með stærri sölusvæðin. Gríðarlega góð mæting var frá skólanum og gengu öll svæðin út til grunnskólakrakkana og við lionskarlarnir munum þá klára verkefnið ef þau ná ekki að selja allar fjaðrirnar. Við héldum góðan fræðslufund með krökkunum og sögðum þeim frá verkefninu og samstarfinu við Blindrafélagið og takmarkið væri að safna á öllu landinu 35 milljónum króna og geta þá fjármagnað kaup á sjö leiðsöguhundum fyrir Blindrafélagið. Í

dag væru aðeins tólf leiðsöguhundar í eigu Blindrafélagsins og vonandi næðum við að safna fyrir þessum sjö hundum . Gríðarlegur áhugi var hjá öllum krökkunum og voru þau ákveðin í að selja allar fjaðrirnar fyrir Lions. Hver hópur fékk umslag með sínu hverfi og dós með fjöðrunum og einnig banka-innleggsmiða merktan rauðu fjöðrinni og með bankanúmeri og kennitölu Lionsklúbbs Vestmannaeyja ef fólk væri ekki með peninga. Bæjarfjölmíðlarnir Tígull og Eyjar.net gerðu verkefninu góð skil og greindu frá þátttöku grunnskólakrakkanna og báðu bæjarbúa að taka vel á móti unga sölufólkinu sem væri að gera frábæra hluti. Einnig birtu fréttamiðlarnir ókeypis auglýsingu , þar sem fólk var hvatt til að leggja söfnuninni lið og leggja beint inn á reikning söfnunarinnar í Eyjum og gáfu upp söfnunarreikninginn. Frábært að eiga svona

fjölmíðla sem sína í verki frábæran stuðning til Lionshreyfingarinnar sem er búin að vera mjög sýnileg í Eyjum s.l. ár vegna opunar augnlæknastofunnar í október s.l.

Samstarf Lions og Blindrafélagsins stendur á gömlum merg enda hefur Lionshreyfingin stutt við blinda og sjónskerta með myndarlegum hætti víðs vegar um heiminn í liðlega 100 ára sögu hreyfingarinnar. Í þessari landsöfnun Lionshreyfingarinnar undir merkjum rauðu fjaðrarinnar er það nýmæli að styrkþeginn, Blindrafélagið, kemur mun meira að verkefninu með virkri þátttöku en í fyrri söfnunum, enda er þörfin brýn. Söfnunin er upphafsátak í þriggja ára verkefni Blindrafélagsins um fjölgun leiðsöguhunda.

*Sigmar Georgsson form verkefnanefndar L.V.*

## Minning + Skúli Sigurðsson



Skúli Sigurðsson vélfræðingur lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 2. mars. Skúli gerðist félagi í Lionsklúbbi Kópavogs 1971 og hafði starfað af miklum dugnaði fyrir Lionshreyfinguna í yfir 50 ár. Hann var gjaldkeri klúbbsins 1973-74, formaður 1983-84 og ritari 2006-07, auk þess að gegna formennsku í hinum ýmsu nefndum klúbbsins gegnum árin. Ég átti því láni að fagna að vera ritari í klúbbum þegar hann var formaður. Samstarf okkar byrjaði á fjölmundæmisþinginu

á Ísafirði vorið 1983, þar sem við fengum samþykktu ályktun um stofnun Medic Alert á Íslandi. Þetta sama ár hélt klúbburinn, að frumkvæði Skúla og Kristins Kristinssonar byggingarmeistara, 1000

manna veislu í íþróttahúsinu í Digranesi fyrir Norræna byggingardaginn. Kristinn var þá formaður þeirra samtaka. Þegar við fórum að skoða íþróttahúsið virtist það rétt aðeins tilbúið undir tréverk. Enn þá eru nokkrir félagar í klúbbum sem muna þetta ævintýri þegar rusla þurfti út haugum af drasli af steingólfinu í húsinu, draga í raflagnir og leggja bráðabirgða gólf og tjalda húsið innan. Samkoman var ekki einungis vel heppnuð, heldur varð þetta upphaf að fjölda stórviðburða sem klúbburinn hélt í Digranesi á næstu árum. Í formannstíð Skúla gáfum við út afmælisblað vegna 25 ára afmælis klúbbsins og Skúli var mjög athafnasamur við auglýsingaöflun og útgáfu blaðsins, enda skiladi það drjúgu framlagi í líknarsjóð. Fyrsta bindi af sögu Kópavogs kom einnig út á vegum klúbbsins þetta ár. Það er með virðingu og söknuði sem við kveðjum þennan góða og afkastamikla Lionsfélaga.

*Davíð Gíslason*



# Lions á Íslandi 70 ára



Á því starfsári sem nú er að líða varð Lionshreyfingin á Íslandi 70 ára gömul. Nánar tiltekið 14. ágúst

2021 en þann dag stofnaði Magnús Kjaran Lionsklúbb Reykjavíkur árið 1951 sem markar upphaf hreyfingarinnar á Íslandi. Umdæmisstjóraráð blés til veislu að þessu tilefni laugar daginn 9. apríl síðastliðinn en ekki var hægt að gera þetta fyrir vegna sóttvarnarmarkanna í landinu. Afmælishátíðin var haldin í Lionsheimilinu að Hlíðasmára í Kópavogi og var mæting með miklum ágætum. Ávörpum var haldið í lágmarki og aðeins fjöllumdæmisstjóri, Þorkell Cýrusson, og fyrirverandi alþjóðforseti Lionshreyfingarinnar, Guðrún Björt Yngvadóttir, voru með ávörp. Guðrún fjallaði í stuttu máli um sögu hreyfingarinnar á Íslandi og gerði það með miklum myndarbrag. Tónlistaratriði var á skemmtuninni, en það voru þau Marína Ósk og Mikael Máni sem spiluðu og sungu fyrir okkur nokkur lög og var gerður góður rómur af flutningi þeirra. Að öðru leiti var skemmtun undir þeim formerkjum að maður væri manns gaman og má segja að það hafi gengið upp. Veitingar, sem voru í boði Lions á Íslandi, voru framreiddar með miklum myndarbrag af Lionsklúbbum Úu í Mosfellsbæ og kann ég þeim bestu þakkar fyrir.

*Þorkell Cýrusson, fjöllumdæmisstjóri*



## Frá umhverfisstjóra MD 109

Jóhanna Thorsteinson

Umhverfisstjóri MD 109



Haustið 2020 tóku Lions á Íslandi, Skógræktin og Landgræðslan höndum saman og óskuðu eftir stuðningi allra landsmanna um söfnun birkifræja.

Tilgangur verkefnisins er að endurheimta á ný birkiskóga landsins. En við landnám er

talið að um 25% landsins hafi verið þakinn birkiskógum. Á rýru landi er gjarnan kolefnislosun því þar er gamall jarðvegur enn að rotna. Ef landið klæðist birkiskógi stöðvast þessi losun og binding hefst í staðinn. Svona verkefni eru því líka loftslagsverkefni [www.birkiskogur.is](http://www.birkiskogur.is)

Markmið þessa verkefnis er að mynda tengslanet við félagasamtök, skóla, fyrirtæki og aðra aðila til að efla söfnun og dreifingu á birkifræi. Lögð verður áhersla á að fá slíka aðila til að taka að sér að safna fræi og sá á svæði þar sem talin er ástæða til að efla landnám birkis. Þannig eignast þátttakendur hlut í mikilvægu umhverfisverkefni og þannig næst bæði umhverfislegur og félagslegur árangur sem er afar þýðingarmikill.

Í samstarfi við Lions á Íslandi verður boðið upp á heimsóknir í alla klúbba á landinu, klúbbum að kostnaðarlausu. Einnig er í boði að heimsækja skóla, fyrirtæki og aðrar stofnanir. Boðið er upp á um 30 mínútna kynningu í máli og myndum þar sem stiklað er á stóru um mikilvægi jarðsvegsverndar, endurheimt vistkerfa og kolefnisbindingu með birki en

einnig lengri fyrirlestra þar sem bætt er við kennslu í sáningu og uppeldi birkis í gróðurhúsi eða í heimilsglugganum og gróðursetningar eldri birki plantna. Lengsta gerð fyrirlesturs sem boðið er upp á er 2 x 45 mínútur.

Það er frábært fjölskylduverkefni að „safna og sá“ fræjum á haustin.

Peir klúbbar sem hafa áhuga á að fá fyrirlesara í heimsókn hvort sem það væri núna í vor eða seinna geta leitað upplýsinga í gegnum netfangið: [birkiskogur@gmail.com](mailto:birkiskogur@gmail.com)

Hafa ber í huga að eðli málsins samkvæmt þarf að ná fram hagræðingu í ferðum fyrirlesara sem eingöngu gerist með því að samræma og skipuleggja allar fræðsluferðir með góðum fyrirvara. Þannig væri hægt að sameina í einni ferð út á land heimsóknir í klúbba, kvenfélög, skóla og til fleiri aðila sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu.

Allar nánari upplýsingar eru gefnar á netfanginu [birkiskogur@gmail.com](mailto:birkiskogur@gmail.com).



## Minning † Kristján Kristjánsson D. 22. febrúar. Jarðsettur 8. mars 2022



Kveðja frá Lions á Íslandi

Í dag kveðjum við Kristján Kristjánsson fyrrverandi fjölmæðmissstjóra Lions á Íslandi. Hann var einstakur maður, mikill leiðtogi og góður félagi. Við, Lionsfélagar á Íslandi minnumst hans með þökk og virðingu.

Við hjónin áttum bæði átti því láni að fagna að kynnst Kristjáni vel og starfa með honum í forystu Lions í mörg ár og kynntumst kostum þessa farsæla forystumanns.

Kristján var geislandi persónuleiki og glæsilegur fulltrúi Lions hérlendis og erlendis og naut virðingar af orðum sínum og verkum. Kristján sinni mörgum trúnaðarstörfum fyrir Lions og vann förnúst starf. Þegar leiða þurfti stór og vandasöm verkefni, var leitað til Kristjáns, svo sem Landsöfnun Rauðrar fjaraðrar, Langtímastefnumótun Lions á Íslandi og fulltrúi Íslands í norrænu samstarfi - NSR. Þar tók hann til hendinni eins og alltaf, endurskoðaði starfreglur NSR og færði til nútímans. Frábær fagmaður og sterkur leiðtogi með mikinn metnað.

Kristján gerði kröfur til sjálfs sín og annarra, fastur fyrr, en ávallt sanngjarn. Hann var óþreytandi að leiðbeina öðrum og átti alltaf holl ráð og leiðbeiningar. Hann var gjöfull á tíma sinn og taldi það aldrei eftir. Þannig átti hann ríkan þátt í að styrkja hreyfinguna og þjálfa nýja leiðtoga.

Þegar Alþjóðastjórn kynnti breytingar eða bauð upp á ný tækifæri, var Kristján með fyrstu mönnum til að koma auga á það, kynnti meðal félaganna og hvatti til dáða. Hann var mannþekkjari og útteildi verkefnum til þeirra sem hann treysti til að ná árangri.

Þegar undirrituð fékk það tækifæri að kenna við Alþjóðlega Leiðtogaskóla Lions, leitaði ég til Kristjáns við að innleiða þetta námssefni á Íslandi. Við undirbjuggum og þróuðum námskeið, þýddum námssefnið, kenndum á tilrauna-námskeiðum, þangað til skólinn var „tilbúinn“ og buðum svo upp á fyrsta Leiðtogaskóla Lions í Eorópu haustið 2000. Kristján kenndi með mér í mög ár við skólann, ásamt góðu teymi.

Kristján var alltaf lífsglaður og hress, heilbrigður og hraustur. Hann var góður golfari og ekki að undra að hann tæki þátt í alþjóðlegum Lions-golfmótum, sem m.a. öfluðu fjár til Alþjóðahjálparstjórnar Lions. Á einu slíku móti á Spáni, fyrir sléttum tveimur árum, áttum við hjónin þess kost að vera með Kristjáni og hópi Íslenskra Lions-golfara. Kristján var manna hressastur að vanda. Hann fór strax að undirbúa næsta mót og miðla af reynslu sinni til mótshaldaranna, til að næsta mót yrði enn betra. Það kom því eins og þruma úr heidskýru lofti, þegar það spurðist að Kristján væri alvarlega veikur. En örlögin eru ekki alltaf sanngjörn eða réttlát.

Við Lionsfélagar á Íslandi kveðjum Kristján með miklum söknuði. Við höfum misst einn okkar öflugasta féлага. Missir fjölskyldunnar er þó mestur. Við vottum Kristínu og börnunum, okkar dýpstu samúð.

Fyrir hönd Lions á Íslandi

Guðrún Björt Yngvadóttir, Fyrrverandi alþjóðaforseti Lions  
Jón Bjarni Þorsteinsson, fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður

# Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir starfsárið 2022 – 2023



## Framboð til vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2022-2023 Friðrik Hansen Guðmundsson Lionsklúbbnum Fjörgyn

Fæddur 4. desember 1958 á Sólvangi í Hafnarfirði. Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Kópavogi 1978. Lokapróf í byggingaverkfræði 1982 frá Háskóla Íslands. Civilingeniør, M.Sc. í byggingaverkfræði frá Tækniháskóla Danmerkur í Kaupmannahöfn, DTU, 1984. Kvæntur Ingibjörgu Rögnu Óladóttu og eigum við saman þrjú börn og fjögur barnabörn.

Unnið við hönnun og stjórnun framkvæmda. Verið sjálfstætt starfandi frá 1991. Stjórnað framkvæmdum fyrir ýmsa verktaka, þar á meðal gerð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Búsetablokkina í Frostafold Grafarvogi, utan- og innahússfrágangur Grafarvogskirkju, byggingu húss Eflingar við Sætún, gerð húsnæðis Íslenskrar Erfðagreiningar í Vatnsmýrinni. Einnig sem staðarstjóri við gerð fjögurra jarðganga, vega og skástagsbrúar í Alta, Finnmark í

norður Noregi á árunum 2011-2014.

Um áratuga skeið, frá 1989 til 1999, voru flest verkefni sem ég vann að á Grænlandi. Stjórnaði framkvæmdum verktaka við gerð stærsta frystihúss Grænlands, GFL, í Nuuk og við endurnýjun rækjuvinnslunnar í Illilusat. Hannaði og hafði eftirlit með gerð nýrrar flugstöðvar í Kulusuk fyrir Grænlandsku Flugmálastjórnina og endurbótum á húsnæði þeirra í Constable Pynt. Vann með ÍAV að tilboðsgerð í sjö flugvelli og tengd verkefni, þ.e. flugstöðvar, vegi og brýr á Grænlandi. Í framhaldi unnið við gerð flugvallar í Aasiaat og 150 m brúar yfir Ulkebugten í Sisimut. Vegna þessara starfa minna þá á ég því láni að fagna að hafa heimsótt flesta bæi á Grænlandi. Einnig framkvæmdastjórn með byggingaverkefnum í Kaupmannahöfn.

Verið starfandi í Lions klúbbnum Fjörgyn í Grafarvogi frá því 1995. Hef verið þátttakandi í félagsmálum í gegnum tíðina og skrifað nokkrar greinar í blöð og tímarit. Var formaður Íbúasamtaka Grafarvogs í nokkur ár, einnig formaður Ungmennafélagsins Fjölnis í Grafarvogi. Var um tíma þátttakandi í starfi Sjálfstæðisflokksins. Tók þátt í að stofna félagið Kalak, vinafélag Íslands og Grænlands. Kom einnig að stofnun samtakanna um Betri Byggið í Reykjavík.



## Halldór Kristjánsson, Lionsklúbbnum Ásbirni, fyrrverandi fjölumdæmisstjóri og fræðslustjóri fjölumdæmis 109

Á umdæmisþingi 109A verður frambjóðandi umdæmisins til alþjóðstjórnar 2023-2025 valinn. Umdæmið er Á fullgilt umdæmi og getur því valið frambjóðanda. Sá sem verður kjörinn verður fulltrúi allra íslenskra, norræna og evrópskra Lionsfélaga í alþjóðastjórn.

Ég býð fram krafta mína og reynslu til að sinna þessu hlutverki þau tvö ár sem kjörtímabilið er. Menntun mín, starfsreynsla og áratuga stjórnunarstörf í umdæmi, fjölumdæmi, norrænu-, og öðru alþjóðlegu samstarfi hafa búið mig vel undir þetta hlutverk. Ég hef sótt 7 alþjóðþing og fjölda Evrópuþinga auk norrænu þinganna og var um tveggja ára skeið aðalritari NSR. Jenný Ágústsdóttir, kona mín, hefur sótt öll þessi þing með mér og dætur mínar mörg þeirra.

Síðustu tvö starfsár hef ég séð um leiðtogaþjálfun verðandi umdæmisstjóra Norðurlandanna (Group Leader), að Finnlandi undaskildu. Þetta hefur verið mjög gefandi, eftl tengslið við Norðurlöndin og aukið þekkingu mína á þeim áskorunum og tækifærum sem þau standa frammi fyrir. Hér heima hef ég stjórnað Leiðtogaþáttum okkar vinsæla um árabíl en um 600 Lionsfélagar hafa sótt hann frá upphafi.

Í starfi mínu sem ráðgjafaverkfræðingur og með setu í stjórnnum fyrirtækja á markaði og utan markaðar hef ég öðlast mikla þekkingu á hvernig hægt er að ná árangri með öflugum teymisstarfi, góðum undirbúningi og vandaðri verkefnastjórnun. Þessi reynsla mín, bæði af áratuga stjórnun innan Lionshreyfingarinnar, og mikilvæg reynsla úr atvinnulífinu, gerir að verkum að ég treysti mér vel til að takast á við það umfangsmikla og krefjandi starf sem seta í alþjóðastjórn Lions er.

Heimsfaraldurinn, sem nú er á lokastigi, hefur kennt okkur margt sem við getum nýtt til að ná vopnum okkar á ný og gera starf Lions enn betra og skilvirkara. Tækifæri til jákvæðra breytinga eru mörg og þau verðum við að nýta til góðs.

Ég er verkfræðingur að mennt og með MBA viðskiptagráðu, hef verið Lionsfélagi í Ásbirni frá árinu 1979 og tala og skrifa ensku, dönsku, sænsku og þýsku. Ég hef sinnt fræðslumálum hreyfingarinnar lengi, nú síðustu sex árin sem fræðslustjóri og hef áunnið mér réttindi til að kenna á Lionsnámskeiðum á alþjóðavettvangi (Lions Certified Instructor). Ég hef gegnt mörgum helstu ábyrgðarstörfum í klúbbnum mínum, umdæmi 109A og í fjölumdæminu.



## Kristinn Hannesson Framboð til alþjóðastjórnarmanns

Kristinn Hannesson fæddist í Keflavík 29. janúar 1957 og fluttist til Mosfellssveitar tveggja ára. Hann er rafvirki með sérfræðinám frá Danmörku og Þýskalandi í meðferð og viðhaldi plaststeypuvéla. Hann starfaði sem tæknistjóri plastiðnaðar á Reykjalundi í 32 ár og er nú tæknistjóri hjá Ístex. Kristinn gekk í Lkl. Mosfellsbæjar 1986 og hefur meðal annars verið formaður fimm sinnum. Kristinn er nú félagi í Lkl. Víðarr.

Hann hefur setið í umdæmisstjórnnum síðan 1989 og hefur meðal annars verið umdæmisstjóri, svæðisstjóri, fjórum sinnum umdæmisritari, unglingaskiptafulltrúi, alþjóðasamskiptafulltrúi, sjónverndarfulltrúi, formaður félaganefndar, CSFII verkefna fulltrúi og fimm sinnum formaður kjörbréfanefndar.

Í fjölumdæmisráði hefur Kristinn setið síðan 1990, þar af unglingaskiptastjóri í 15 ár og hefur meðal annars verið fjölumdæmisstjóri, CSFII verkefnisstjóri, GMT verkefnisstjóri, þing- og prótókoll stjóri og Campaign 100 verkefnisstjóri.

Kristinn sótti sér kennsluréttindi á Leiðtogaskóla Lions í Florence árið 2000 og hefur sótt fjölmörg Lions námskeið erlendis, meðal annars GMT, CSFII, C100 og LCIF.

Kristinn hefur verið virkur í fræðslumálum Lions, kenndi meðal annars nýliðanámskeið og skóla svæðisstjóra, var í hópi leiðbeinenda á leiðtogaskóla Lions 2000 – 2017. Einnig hefur hann verið leiðbeinandi á fjölmörgum námstefnum á Evrópu- og Norðurlandáþingum.

Kristinn hefur sótt öll Lionsþing á Íslandi síðan 1989, fjögur fjölumdæmisþing annarra Norðurlanda, 29 NSR þing, 18 Evrópuþing og 10 alþjóðþing. Á alþjóðþingum hefur Kristinn verið í Credential committee, Voting committee, Nominating Committee, Sergeant at Arms Chairperson og gegnt fleiri trúnaðarstörfum.

Kristinn var kosningastjóri Guðrúnar Yngvadóttur fyrrverandi alþjóðaforseta.

Kristinn hefur verið NSR Coordinator og LCIF Area Leader. Sem Board Appointee (ráðgjafi alþjóðaforseta) sat hann í Marketing Communication nefnd alþjóðastjórnar.

Kristinn er 10 sinnum Progressive Melvin Jones félagi og Second Century Ambassador.

Auk Kjarans orðunnar hefur hann fengið 17 Certificate of Appreciation, 2 International Leadership Medal, 4 International President's Medal, 3 LCIF Chairperson's Medal og Ambassador of Good Will, æðstu viðurkenningu Lions. Hann varð fyrstur í heiminum til þess að fá Top Ten Youth Exchange Chairman Award tvisvar sinnum.

Eiginkona Kristins, Dagný Finnsdóttir er stofnfélagi í Lkl. Úu og er 6 sinnum Progressive Melvin Jones félagi. Þau eiga 2 börn, Finn Yngva og Guðný, sem bæði eru Melvin Jones félagar, 6 barnabörn og tengdabörn.




## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

**EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ  
LIONSHREYFINGARINNAR.**



## Framboð til vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2022-2023 Sigfríð Andradóttir, Lionsklúbbum Æsu

Ég undirrituð býð mig fram til að gegna starfi varafjölumdæmisstjóra starfsárið 2022-2023.

Ég var stofnfélagi í Lionessklúbbum Þernunni árið 1991 og einnig stofnfélagi þegar Lionsklúbburinn Þernan var stofnaður 1994 og starfaði þar til ársins 2005. Á þeim tíma gegndi ég flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi. T.d. var ég ein af fjórum Lionsfélögum sem að stjórnðu unglingsbúðum árið sem Lkl. Þernan sá um þær ásamt þremur öðrum klúbbum í Snæfellsbæ.

Árið 2005 flutti ég í Dalabyggð og gekk þá í Lkl. Búðardals. Þar gegndi ég starfi ritara, formanns og síðast gjaldkera ásamt því að vera svæðisstjóri fyrir hönd Lkl. Búðardals starfsárið 2006-2007.

Ég gegndi stöðu fræðslu- og leiðtogafulltrúa (GLT) í umdæmi 109 B frá árinu 2012-2017. Árið 2013-2014 gegndi ég einnig stöðu umdæmisritara og gjaldkera í umdæmi 109 B. Starfsárið 2016-2017 var ég 2. varumdæmisstjóri og varaumdæmisstjóri árið eftir.

Starfsárið 2018-2019 var ég umdæmisstjóri í 109B en síðan þá hef ég starfað í fjölumdæmisstjórn, sem GMT-Konur í Lions. Síðustu ár hef ég einnig verið kennari í ritarskólanum.

Árið 2021 fluttum við hjónin á höfuðborgarsvæðið og þá ég gekk í Lkl. Æsu, í Njarðvík. Það ár tók ég að mér að vera félagafulltrúi (GMT) fyrir umdæmi 109A.

Ég er gift Þorkeli Cýrussyni, félagi í Lkl. Víðarri. Þorkell var áður félagi í Lkl. Nesþinga frá 1991-2005 og í Lkl. Búðardals frá 2005-2021. Hann hefur gegnt fjölmörgum embættum innan Lionshreyfingarinnar, var umdæmisstjóri 2013-2014 í umdæmi 109 B og gegnir nú embætti fjölumdæmisstjóra í MD109 ásamt því að vera ritstjóri Lionsblaðsins.

Ég hef fengið nokkrar viðurkenningar fyrir störf mín í hreyfingunni (Certificate of Appreciation). Árið 2012 heiðraði Lkl. Búðardals mig með Melvin Jones viðurkenningu.

Ég hef fengið 2 Leiðtogaorður (Leadership Award) árið 2016 fyrir störf mín í fræðsluteyminu og 2019 fyrir góðan árangur en það starfsár gáfu allir klúbbarnir í umdæminu til LCIF. Í gegnum árin hef ég gefið mánaðarlega til LCIF og þess vegna varð ég Progressive Melvin Jones árið 2020.

Við hjónin eigum 2 börn, Guðríði sem er gift Sævari Skúla Þorleifssyni og eiga þau 2 syni, Ægi Kára og Þorkel Orra. Einnig Sigurð Svein en sambýliskona hans er Kristín Hulda Kristófersdóttir.

Sigfríð Andradóttir

## Framboð til umdæmisstjóra 109 A

### Tilkynning um framboð til umdæmisstjóra í umdæmi 109A starfsárið 2022-2023, Víðir Guðmundsson

Lionsklúbburinn Garður hefur samþykkt að bjóða fram til umdæmisstjóra 109A starfsárið 2022-2023 félagi okkar Víðir Guðmundsson. Víðir gekk í okkar raðir 12. janúar 2011, hann hefur gengt ýmsum störfum í klúbbum okkar; var ritari starfsárið 2015-2016, formaður starfsárið 2017-2018 og síðan svæðisstjóri starfsárið 2018-2019 á svæði 5 í 109A.

Víðir er fæddur á Akureyri þann 27. desember 1973, foreldrar hans eru Guðmundur Árnason (látinn) og Sigríður Kristjánsdóttir búsett í Reykjanesbæ.

Þess má geta að á jólafundinum okkar í desember síðastliðnum veittum við Víði æðstu viðurkenningu sem klúbburinn okkar getur veitt lionsfélaga og sæmdum hann Melvin Jones viðurkenningu sem hann átti svo sannarlega skilið.

Víðir er útskrifaður frá Útvegssviði VMA á Akureyri og hefur starfað sem Framkvæmda, Vinnslu og Gæðastjóri síðustu ár.

Hann er einnig löggildur útfararstjóri og hefur starfað sem slíkur af og til undanfarin 10 ár.

Víðir á eina dóttur frá fyrra sambandi og býr hún hjá honum.

Reykjanesi 31. mars 2022

Pálmi Hannesson, formaður Lkl. Garður.

**NÝIR MODEL KLÚBBAR Hafa Frest  
TIL 30. JÚNÍ 2025 TIL AÐ LJÚKA GREIÐSLUM.**



THE INTERNATIONAL ASSOCIATION OF  
**LIONS CLUBS**

Fjölumdæmi / Multiple District 109 A  
Hliðasmári 14, IS 201 Kópavogur, ICELAND  
Sími/Tel.: +354 561 3122. Netfang /E-mail: lions@lions.is



**Dagskrá 67. þings Lionsumdæmis 109  
haldið í Hveragerði  
6. – 7. maí 2022**

<b>Fimmtudagur, 5. maí.</b>	
19:00 – 20:30	Skráning og afhending þinggagna – Hótel Örk austur inngangur
<b>Föstudagur, 6. maí.</b>	
10:00 –	Skráning og afhending þinggagna – Hótel Örk austur inngangur
12:00 – 17:30	Skólar embættismanna: <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Skóli formanna – Aðalgerði</li> <li>➤ Skóli ritara – Þinggerði (ritarar muni eftir fartölvum)</li> <li>➤ Skóli gjaldkera – Stjórnugerði</li> <li>➤ Skóli svæðisstjóra – Stjórnargerði (jarðhæð)</li> </ul>
13:30 – 15:00	Að vera maki Lionsfélaga – Glæsigerði Makar segja frá sinni upplifun
14:40 – 15:00	Kaffihlé –
17:45	Skrúðganga – Farið frá Hótel Örk (munið eftir stóra klúbbfánanum)
18:15 – 19:30	Þingsetning – Hveragerðiskirkja
20:30 – 23:00	Kynningarkvöld – Breiðumörk 25
<b>Laugardagur, 7. maí.</b>	
08:30 –	Skráning og afhending þinggagna – Hótel Örk austur inngangur
09:00 – 09:45	Áherslur næsta starfsárs – Aðalgerði Viðtakandi fjölumdæmisstjórn kynnir áherslur starfsársins 2022 - 2023
09:45 – 10:00	Kaffihlé –
10:00 – 11:45	Þingi umdæmis 109 – A framhaldið – Aðalgerði Þingi umdæmis 109 – B framhaldið – Þinggerði
11:50 – 12:50	Hádegisverður – Stjórnugerði og Glæsigerði
13:00 – 17:00	Þingi fjölumdæmis 109 framhaldið – Aðalgerði
13:30 – 16:30	Makadagskrá – Farið frá Hótel Örk
14:50 – 15:10	Kaffihlé –
19:30 – 01:00	Lokahóf – Aðalgerði